

Spá sem að not- um gæti orðið.

I.

Hér liggur fyrir framan mig grein sem heitir „Nýjárslugs-
anir 1939“, og kom í Vísí í jan.
það ár. Þar er þessi eftirmáli,
ritaður 13. jan.: „Eftirtekta-
vert virðist mér hvernig hvert
slysið hefir rekið annað, síðan
grein þessi var rituð, og man eg
ekki eftir neinu ári sem hafi
byrjað jafn slysalega. Er það
grunur minn að svo gæti farið,
að varla mundu liða 3 ár áður
þæfust hér manndráp, varla 10
ár áður hér yrðu sú óáran, að
fólkinu fækkaði um þúsundir,
og varla 100 ár áður íslenska
þjóðin yrði með öllu undir lok
líðin. Það mannkyn sem bent
hefir verið á leiðina frá Hel-
stefnu til Lífstefnu, og ekki
þiggur þá hendingu, er í meiri
hættu stött en nokkru sinni áður.
En fyrst af öllum mundi ís-
lenska þjóðin undir lok liða
vegna þess, að hér átti vaxlar-
broddurinn að vera“.

II.

Það er þegar farið að koma í
ljós, að mig hefir rétt grunað.
Áður en 3 árin eru líðin, eru
manndrápin hafin. Og eins
mundi reynast um það sem á
eftir fer. En því er eg að minna
á þetta, að hörmungum þess-
um sem þegar hafa á dúið,
hefði mátt afstýra, og hinum
enn meiri hörmungum sem nú
vofa yfir, má afstýra. En þó er
það einungis eitt sem getur
hjargað. Menn verða að gefa
gaum að því, hverskonar tíma-
mót nú eru, og færa sér í nýtt
sannindi sem á Íslandi hafa
fundin verið fyrst. En ef ís-
lenskur þjóðræknisskortur er
þar til fyrirstöðu, þá mætti
reyna að hafa þess not, hversu
áætlaður Breti, Adam Rutherford,
hefir sagt, að frá Íslandi mundi
koma það ljós — eða m. ö. o., að
á Íslandi mundi verða fundin
þau sannindi, sem öllu mann-
kyni eru nauðsynleg til vel-
farnaðar. Og enn mætti hafa
gagn af því, hversu augljóst það
er nú þegar orðið, að íslenska
þjóðin getur ekki átt neina
góða framtíð í vörðum, ef ekki
er hægt að sýna fram á, að hún
sé þess makleg að vera í háveg-
um höfð af öllu mannkyni, þjóð
þar sem gæti orðið það fram-
mald sem ekki verður án verið,
af tilraun þeirri sem gerð var á
Gríkklandi og Gyðingalandi
forðum, til að hjarga framtíð
mankynsins.

Einmitt af því að eg segi yður
sannleikann trúist þér mér ekki,
sagði Jesús. Það voru stórkost-
leg orð og þung, og betur að
ekki verði enn ástæða til að
egja slíkt.

III.

Mál þetta sem hér er dregið á,

er skýrt nokkru frekar en eg
hefi áður gert, í bók sem á að
heita Írannýall, og nú er verið
að prenta. En þá væri þeim ár-
augri náð sem duga mundi, ef
tækist að vekja áhuga á að koma
hér upp stöð slíkra til sam-
bands við lífið á stjórnunum,
sem eg hefi oft á minnst. Gæti
Alþingi það sem nú situr, átt hér
að góðan hlut, með því að gera
einhverjar þær ráðstafanir sem
að þessu miðuðu.

28. marz '41.

Helgi Pjeturss.